



Nefndarálit norrænu þekkingar- og menningar-
nefndarinnar um

Þingmannatillögu um stofnun styrkjasjóðs Norðurlandaráðs fyrir rannsóknarblaðamennsku

Tillaga

Norræna þekkingar- og menningarnefndin leggur til að

Norðurlandaráð haldi ekki áfram meðferð þingmannatillögu
A 1661/kultur um stofnun styrkjasjóðs Norðurlandaráðs fyrir
rannsóknarblaðamennsku.

Forsaga

Norðurlandaráði hefur borist þingmannatillaga Christians Juhl (EL), flokka-
hópi vinstri sósíalista og grænna (VSG), um stofnun styrkjasjóðs Norður-
landaráðs fyrir rannsóknarblaðamennsku. Þingmannatillaga hljóðar svo:

að norrænu ríkisstjórnirnar stofni sjóð undir umsjón Norðurlanda-
ráðs sem nemi 50 milljónum danskra króna og úthluti styrkjum til
verkefna þar sem aðferðum rannsóknarblaðamennsku er beitt til
að fjalla um félagslega og samfélagsábyrgð ríkja, fjárfesta og
fyrirtækja gagnvart þróunarlöndum og hagvaxtarsvæðum.

Þar er lagt til að norrænu ríkisstjórnirnar veiti 50 milljónir danskra króna í
styrkjasjóð í þeim tilgangi að bæta aðstæður fyrir rannsóknarblaðamenn
sem starfa í þróunar- og nýhagkerfislöndum að því að grafast fyrir um
hvernig ríki, fjárfestar og fyrirtæki sinna félagslegri og samfélagslegri
ábyrgð sinni.

Flutningsmaður tillögunnar telur að eftir því sem umsvif einkaaðila og
opinberra fyrirtækja frá Norðurlöndum og öðrum ríkjum heims aukast í
þróunar- og nýhagkerfislöndunum, verði æ erfiðara að átta sig á því
hvernig þessir aðilar sinna félagslegri og samfélagslegri ábyrgð sinni. Því
sé vaxandi þörf á óháðri rannsóknarblaðamennsku sem skapi aukið
gagnsæi hvað þetta varðar.

Norræna þekkingar- og menningarnefndin fjallaði í fyrsta sinn um þingmannatillögu A 1661/kultur um stofnun styrkjasjóðs Norðurlandaráðs fyrir rannsóknarblaðamennsku á fundi sínum þann 19. apríl 2016 í Ósló.

Norðurlandaráð

Sjónarmið nefndarinnar

A 1661/kultur

Nefndin er sammála flutningsmanni tillögunnar um mikilvægi rannsóknarblaðamennsku en vill þó taka eftirfarandi fram:

Afgreiðsla:
Norræna þekkingar- og menningarnefndin

- Þingmannatillögunni er beint til norrænna stjórnvalda. Láti ríkisstjórnirnar ekki meira fé rakna til norræns samstarfs, sem teljast má harla ólíklegt, endar erindið um styrki til rannsóknarblaðamennsku á borði menningarmálaráðherranna. 50 milljónir DKK eru jafnvirði 30% af heildarfjárhagsáætlun ráðherranefndarinnar um menningarmál. Nefndin telur óraunsætt að drjúgum hluta fjárveitingar menningarmálaráðherranna verði varið í eingöngu eitt verkefni.

Málsnúmer 15-00221-7

Nefndin er ennfremur efins um eftirfarandi atriði:

- Er það einkum á umræddu sviði sem þörfin á norrænni rannsóknarblaðamennsku er mest?
- Er Norðurlandaráð rétta stofnunin til að sjá um umrædda styrki?

Í þingmannatillögunni gefast heldur engin svör við eftirfarandi spurningum:

- Hvaða reglur eiga að gilda um styrkjaumsóknir?
- Hvernig skilgreinum við „óháðar fjölmiðla- og rannsóknarmiðstöðvar“, sem eiga meðal annarra að geta sótt um styrki?

Þrándheimi, 2. ágúst 2016

Annette Lind (S)

Jorodd Asphjell (A)

Aron Emilsson (SD)

Lars-Arne Staxäng (M)

Britt Lundberg (ÅC)

Pauli Trond Petersen (T)

Iddimangiuu Bianco (IA)

Tony Wikström (ÅSD)

Johanna Karimäki (gröna)